

**Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni (FEB) Ásgarði, sal FEB Stangarhyl 4, 110 Reykjavík, fimmtudaginn 2. mars, kl. 14:00.**

Daagskrá aðalfundar samkvæmt lögum félagsins

2023

**A. Kosning fundarstjóra og fundarritara.**

Formaður FEB, Ingibjörg H. Sverrisdóttir setti fundinn og gerði tillögu um Finnbjörn A. Hermannsson sem fundarstjóra og Halldór Frímannsson sem ritara. Samþykkt.

**B. Lögð fram skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári.**

Formaður FEB flutti skýrslu stjórnar um félagsstarfið á liðnu starfsári.

**C. Lagðir fram endurskoðaðir og áritaðir ársreikningar félagsins ásamt fjárhagsáætlun rekstrarársins.**

Framkvæmdastóri FEB, Dýrleif Guðjónsdóttir fór yfir framlagða ársreikninga FEB ásamt fjárhagsáætlun 2023.

Reikningar bornir upp og samþykktir og fjárhagsáætlun borin upp og samþykkt.

**D. Umræður um skýrslu stjórnar, ársreikning og fjárhagsáætlun.**

Gunnar H Gunnarsson kvaddi sér hljóðs um skýrslu stjórnar og ræddi um afleiðingar Covid fyrir eldri borgara í kjölfar þess að öllum takmörkunum var hætt 24. febrúar í fyrra. Covid smit eru ennþá mörg daglega. Telur að koma hefði mátt í veg fyrir ótímabær dauðsföll eldri borgara

Lagði fram skriflega greinargerð og svohljóðandi tillögu til stjórnar: “Ég legg til að stjórn FEB beiti sér af alefli opinberlega í því skyni að svona mistök verði aldrei endurtekin.”

Gísli Þór Gíslason kvaddi sér hljóðs og spurði um veðlánið sem hvílir á húsnaði FEB, hvort það hafi verið skoðað að skuldbreyta því til þess að betri kjör fengjust.

Dýrleif sagði þetta hafi verið gert, lánið væri til 40 ára, verðtryggt með 4.5% föstum vöxtum.

Jóna G. Þórarinsdóttir kvaddi sér hljóðs um aðstoð við fólk sem er í heimaþjónustu borgarinnar sem hún telur óbótavant. Telur skorta á að félagið beiti sér í málinu.

Skýrsla, reikningar og fjárhagsáætlun 2023 borin upp og til samþykktar í sitthvoru lagi og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

**E. Lagabreytingar**

Engar tillögur að lagabreytingum lágu fyrir fundinum.

## F. Kosningar:

- Kl.14:30 Kosning þriggja manna í stjórn og þriggja varamanna sbr. grein 5.2.

Atkvæði greiddu 60 félagsmenn, þar af voru 4 seðlar ógildir

Til tveggja ára í aðalstjórn voru kjörnir:

**Ástrún Björk Ágústsdóttir** með 48 atkvæði

**Árni Gunnarsson** með 45 atkvæði

**Stefanía Valgeirsdóttir** með 44 atkvæði

Þrír voru kosnir í varastjórn til eins árs en þeir eru:

**Ingibjörg Óskarsdóttir** með 43 atkvæði

**Gunnar Magnússon** með 43 atkvæði

**Viðar Eggertsson** með 40 atkvæði

- Kosning tveggja skoðunarmanna ársreikninga og eins til vara.

Sjálfkjörnir:

Ólafur Gränz

Guðrún Árnadóttir

Jóhann G. Ásgrímsson, til vara

## G. Afgreiðsla tillagna og erinda sem lögð hafa verið fyrir fundinn.

Engar tillögur og/eða erindi lágu fyrir undir þessum lið.

## H. Tekin ákvörðun um árgjald félagsmanna árið 2023.

Stjórn lagði til að árgjald verði kr. 5.600. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

## I. Önnur mál.

Ingibjörg H. Sverrisdóttir las upp fréttatilkynningu frá Gráa hernum sem send var til fjölmiðla í gær, um að búið væri að kæra dóm Hæstaréttar í málinu til Mannréttindadómstóls Evrópu.

Finnur Birgisson, form. kjara- og laganefndar FEB kynnti drög að Ályktun aðalfundar FEB 2023 til LEB. Samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Ólafur Hákonarson, Árskógum kvaddi sér hljóðs. Ræddi um viðskilnað verktaka þegar íbúðir í Árskógum 1-3 voru afhentar. Ítrekað hafi verið reynt að fá úrlausn FEB vegna málsins án árangurs. Lagði fram ályktun til FEB, þar sem lagt er til að ný stjórn taki málið fyrir.

Anna Þrúður Þorkelsdóttir kvaddi sér hljóðs og ræddi um heimaþjónustu Reykjavíkurborgar og kvartaði yfir heimsendum mat. Sagði hann koma kaldan og ekki væri gengið úr skugga um að hann næði til viðtakenda. Brögð væru af því að hann væri tekinn ófrjálsri hendi þegar hann væri hengdur á húnana hjá fólki.

Kristinn Sigurjónsson, kvaddi sér hljóðs varðandi samskipti sín við RSK. Sagði allt ganga út á samskipti í gegnum tölvur. Varla væri hægt lengur að fá skattframtöl afhent í prentuðu formi fyrir þá sem ekki noti tölvur.

Óli Stefáns kvaddi sér hljóðs og kvaðst vera einn af þeim sem keyptu íbúð í Árskógum 1-3. Kvartaði undan viðskilnaði verktaka, nefndi í því sambandi ófullnægjandi lokun á bílageymslu.

Þorbjörn Guðmundsson kvaddi sér hljóðs. Kvaðst ekki hafa komið nálægt þessu máli en hann hafi setið uppi með það. Sagði að hann teldi FEB vera búið að skýra málið fyrir íbúum og vísaði m.a. til fundar í safnaðarheimili kirkjunnar í Mjódd þar sem allir voru boðaðir. Þar kvaðst hann og Dýrleif hafa farið yfir málið og spurningum fundarmanna.

Þar hafi m.a. komið fram að ekki hafi verið gert ráð fyrir lokun á bílageymslu við hönnun mannvirkisins. Hún hafi því verið í samræmi við teikningar.

Framkvæmdastjóri FEB kvaddi sér hljóðs til að þakka fráfarandi stjórnarmönnum fyrir störf fyrir FEB og færði þeim blómvönd. Einnig bauð hún nýkjörnu stjórnarmennina velkomna til starfa.


Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 15.50

Halldór Frímannsson ritaði fundargerð.



Ingibjörg H. Sverrisdóttir *formaður*



Halldór Frímannsson *fundarritari*